

Ársskýrsla stjórnar Fjár- og hjarðhundadeildar 2017

Stjórn Fjár- og hjarðhundadeildar

Hilmar Sigurgíslason, formaður

Svanborg A Magnúsdóttir, gjaldkeri

Guðríður Eva Þórarinsdóttir ritari

Birna Kristjánsdóttir, meðstjórnandi

Sunna Dís Jensdóttir meðstjórnandi

Tengiliðir

Australian Cattle dog – Jóhanna Magnúsdóttir

Australian Shepherd - Systa Atla

Bearded Collie - Ástríður Magnúsdóttir

Berger Blanc Suisse-White Swiss Shepherd – Hjördís H. Ágústsdóttir

Border Collie - Guðrún Sigríður Sigurðardóttir

Briard - Valdís Rúnarsdóttir

Collie rough & Collie smooth - Guðríður Magnúsdóttir

Pembroke Welsh Corgi - Kristlaug Elín Gunnlaugsdóttir

Old English Sheepdog - Anna Jónsdóttir

Shetland Sheepdog - Lilja Dóra Halldórsdóttir

Stjórnarkjör

Kjörtímabili þriggja stjórnarmanna lýkur á þessum ársfundi, þeirra Birnu, Guðríðar Evu og Svanborgar. Guðríður hefur ákveðið bjóða sig fram til endurkjörs. Svanborg og Birna gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Einn stjórnarmann hefur ákveðið að segja sig úr stjórn og þarf að kjósa um sæti hans sérstaklega til eins árs. Þökkum við þeim fyrir vel unnin störf fyrir deildina.

Starfsemi deildar á árinu.

Stjórnin hélt 4. formlega stjórnarfundi á árinu. Einnig er notað lokað fésbókarsvæði fyrir tengiliði og stjórn. Fulltrúar stjórnar mættu á tvo fulltrúaráðsfundi á vegum HRFÍ á árinu. Á September sýningu HRFÍ útvegaði deildin sjálfboðaliða við uppsetningu og vinnu á sýningunni. Alltaf er erfitt að fá fólk til að að starfa við að setja upp og taka niður sýningar. Tengiliðir deildarinn hafa í samráði við stjórn F-h séð um að manna vinnu á sýningum. Í lok starfsárs skilar tengiliður inn starfsskýrslu fyrir hverja tegund. Stjórnin telur nauðsynlegt að virkja tengilið fyrir allar tegundir deildarinnar þó sumar tegundir séu fámennar.

Uppskeruhátíðin var haldin í janúar á þessu ári, þar voru stigahæstu hundar deildar heiðraðir, stigahæðsti öldungi og stigahæðsti ræktendi deildarinnar.